

Stjórnarfundur UMSB  
Þriðjudaginn 15. Janúar 2013  
Borgarbraut 61

Dagskrá fundar:

- Samningar, viðaukasamningar og stefna
  - Heimasíðumál UMSB
  - Íþróttahátíð UMSB
  - Tryggingamál
  - Tilnefningar til Íþróttam. ársins.
  - Kynning UMFÍ
  - Önnur mál
- 

Fundargerð

Mættir á fund: Hrönn Jónsdóttir, Aðalsteinn Símonarson, Sigurður Guðmundsson, Ásgeir Ásgeirsson og Kristín Gunnarsdóttir. Flemming Jessen boðar forföll.

Sigurður les fundargerð síðasta fundar og hún samþykkt.

Rætt um hvað betur hefði mátt fara í vinnu við samninga. Gagnrýni hefur komið fram um að félög hafi séð samninginn eða drög að honum seint í ferlinu.

Viðaukasamningar ræddir:

- Viðaukasamningur A, úthlutun starfsstyrkja, samþykkt að senda samninginn með töllögu að skiptingu til kynningar meðal formanna.
- Viðaukasamningur B, úthlutun tíma í íþróttamannvirkjum: etv. þröngur tímarammi til að óska eftir tímum en annars ekki aðrar athugasemdir.
- Viðaukasamningur C, íþróttamaður ársins. Gerðar eftirfarandi athugasemdir og óskað eftir breytingum:
  - Aldurstakmarkið í 14 ára úr 16 ára
  - Hægt að tilnefna einstakling og par
  - Ekki tekið fram hvaðan sveitastjórn fær hugmynd að tilnefningum.
  - Orðalagi breytt í grein um að stjórnarmenn UMSB megi ekki eiga sæti í valnefnd.
  - Ekki tekið fram í reglugerð um Íþróttamann ársins hvaða aðrar verðlaunaafhendingar skulu vera á sama tíma.

Ákveðið að óska eftir umsögn sveitastjóra um þessar tillögur og send þær svo til formanna til kynningar. Óska eftir athugasemdum við viðaukasamningana fyrir 15. Febrúar. Stefnt er svo að íbúafundi í síðutu viku janúar.

Heimasíða UMSB: Framkvæmdastjóra falið að fá aðstoð Nepal hugbúnaðar við uppsetningu heimasíðu.

Íþróttahátíð UMSB: ákveðin 2. Febrúar.

Tryggingamál: Ákveðið að íþróttahöld verði ekki tryggð, aðeins trygging á vindmæli og launþegatrygging.

Kynning UMFÍ: Um er að ræða kynningu á ánægjuvöginni – könnun sem ÍSÍ og UMFÍ hefur keypt og vill kynna ásamt möguleikum til að nýta slíka könnun. UMFÍ vill hafa kynningu í Borgarfirði þann 29. Janúar. Stjórn UMSB vill óska eftir því að þessu verði frestað fram á vor eða amk. lok febrúar vegna anna hjá sambandinu. Annars ákveðið að óska eftir húsnaði í boði Borgarbyggðar.

Skákmál, samþykkt að fara að tillögum skáknefndar. Héraðsmót í hraðskák verður haldið þann 26. Janúar og samþykkt að leggja fjármagn í mótið.

Uppskeruhátíð UMSB: Framkvæmdastjóri stingur upp á því að hætt verði að veita verðlaun fyrir afrek á héraðsmóti, enda hafi sú verðlaunaafhending breyst mjög eftir að verðlaunastefna ÍSÍ var tekin upp innan UMSB. Tillagan samþykkt með einu mótaskvæði.

Samþykkt að halda okkur við að verðlauna þá sem unnið hafa til Íslandsmeistaratitils í fyrsta sinn á árinu.

Næsti stjórnarfundur er ákveðinn þann 31. Janúar.

Fundi slitið kl. 23.00

Hrönn Jónsdóttir ritaði fundargerð